

Páll Jensson lauk fyrrihlutaprófi í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands, M.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði frá Danmarks Tekniske Højskole 1972 og doktorsgráðu í aðgerðarannsóknum frá sama skóla 1975.

Páll vann hjá IBM á Íslandi fyrst eftir nám en var forstöðumaður Reiknistofnunar Háskóla Íslands á árunum 1977 – 1987. Hann varð prófessor í iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands 1988 og flutti sig síðan til Háskólans í Reykjavík árið 2011 þar sem hann gegnir starfi prófessors og sviðsstjóra á Fjármála- og rekstrar sviði.

Kennsla hans og rannsóknir hafa snúist um aðgerðarannsóknir, bestun, hermireikninga og allt það er stuðlar að því að gera framleiðslu, rekstur og þjónustu skilvirkari og betri á einn eða annan hátt.

Páll hefur verið laginn við að vekja áhuga á aðgerðarannsóknum og sýna fram á mikilvægi þeirra. Til þess hefur hann notað umfangsmikla reynslu sína af verkefnum sem unnin hafa verið í nánú samstarfi við atvinnulífið. Á hann án efa sinn þátt í því að á Íslandi er hærra hlutfall verkfræðinga á sviði iðnaðar- eða rekstrarverkfræði en algengt er í öðrum löndum.

Páll er afkastamikill fræðimaður og eru viðfangsefni hans með eindæmum fjölbreytt og árangursrík. Hann hefur stundað rannsóknir á ýmsum sviðum rekstrarverkfræði, einkum hagnýtingu aðgerðarannsóknna í íslensku atvinnulífi. Hann hefur verið verkefnisstjóri í fjölmörgum rannsóknarverkefnum og listinn yfir fyrirtæki og stofnanir sem hann hefur veitt ráðgjöf er langur. Nægir að nefna að flokkunarhugbúnaður frá Marel, sem finna má um allan heim, byggir að stórum hluta á vinnu Páls.

Páll er þeim eiginleikum gæddur að eiga auðvelt með gera viðfangsefnin lifandi og vekja áhuga nemenda. Hann sýnir fegurð fræðanna og mikilvægi hagnýtingar þeirra. Samstarfsfólk hans og nemendur hafa lært af honum hugsunarhátt bestunar og bestu lausna. – Að „diffra með hjartanu“ er ekki öllum gefið en það á við um Pál. Hann er einstaklega góður í samstarfi og leggur metnað í að ná árangri þannig að allir séu sáttir.

Páll hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum og verið gestaprófessor við ýmsa erlenda háskóla. Hann sat í stjórn Verkfræðingafélags Íslands á árunum 1983 – 1985, var varaformaður 1983-1984.